



# Dularfullt landslag á Mars

ESP\_031268\_2115



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHIRISE.ORG/IS



Á myndinni sjást margir grunnir, óreglulegir pyttir með upphleypta barma meðfram hryggjum og innan um aðrar landslagsgerðir. Hvernig urðu þessar einkennilegu myndanir til? Ein tilgáta er sú að þeir gætu hafa myndast þegar mjög hreinn ís á litlu dýpi gufaði upp, en það skýrir ekki hvers vegna barmarnir eru upphleyptir. Ekki getur verið um árekstragíga að ræða því stefnan er handahófskennd og mörkin óregluleg. Ekki er heldur um að ræða vindborið set því þarna eru margir hnullungar sem eru of stórir til að færast til í vindi. Ofan í pyttunum er yngra vindborið set og engin augljós tengsl við eldvirkni.